



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025 (lagaumgjörð og innheimta gjaldsins) – FJR26060058
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	2. september 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

- Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
 - Ekki hefur verið talin þörf á sérstakri fjárhagsgreiningu, rekstraráætlun eða reiknilíkani vegna áformanna, enda lúta þau einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu kílómetragjalds og afmarka nánar tiltekin atriði sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna.
- Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
 - Mat á fjárhagsáhrifum byggist á því að áformin fela ekki í sér breytingu á meginforsendum gjaldtökunnar. Fyrirhugaðar undanþágur frá gjaldskyldu og breytingar sem geta leitt til lækkunar álagningar kunna að hafa lítilsháttar áhrif á tekjur ríkissjóðs, en þau eru ekki talin veruleg. Þá er ekki gert ráð fyrir að breytingarnar hafi veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs eða útgjöld ríkisaðila.
- Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
 - Áhrif á ríkissjóð eru talin óveruleg og ekki er gert ráð fyrir tímabundnum eða varanlegum fjárhagsáhrifum umfram það.
- Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
 - Ekki er gert ráð fyrir að áformin feli í sér ný útgjöld eða sérstaka útgjaldahvata. Framkvæmd breytinganna er talin rúmast innan núverandi verkefna og fjárheimilda Skattsins og annarra viðeigandi ríkisaðila.
- Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
 - Ekki er gert ráð fyrir verulegum brúttóáhrifum hvorki á tekjuhlið né gjaldahlið ríkissjóðs. Nettóáhrif á afkomu ríkissjóðs eru því talin óveruleg.

2. Tekjubreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum tekjubreytingum vegna áformanna. Breytingarnar lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu kílómetragjalds og afmarka nánar tiltekin atriði sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna.

3. Útgjaldabreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum útgjaldabreytingum vegna áformanna. Framkvæmd breytinganna er talin rúmast innan núverandi verkefna og fjárheimilda Skattsins og annarra viðeigandi ríkisaðila.

4. Eignabreytingar.

Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á eignir ríkissjóðs.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
 - Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á fyrirkomulag útgjaldastýringar eða umbúnað í fjárlögum.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
 - Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin kalli á breytingar á framsetningu fjárlaga eða reikningshaldslegum grundvelli samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
 - Áformin lúta að afmörkuðum breytingum á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025, sem er hluti af tekjuöflun ríkissjóðs vegna notkunar ökutækja á vegakerfinu. Breytingarnar fela ekki í sér breytingu á meginforsendum gjaldtökunnar heldur miða einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu gjaldsins og afmarka nánar tilteknar undanþágur frá gjaldskyldu.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
 - Á ekki við. Áformin lúta ekki að þjónustugjöldum.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
 - Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð.
 - Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á opinber innkaup eða útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
 - Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á eignaumsýslu ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
 - Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á réttindi eða skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
 - Ekki er gert ráð fyrir að áformin feli í sér ríkisstyrki eða ívilnanir í skilningi reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum
 - Nei. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi veruleg fjárhagsáhrif sem kalli á sérstaka ráðstöfun í gildandi fjárlögum.
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
 - Nei. Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi veruleg fjárhagsáhrif sem kalli á sérstaka ráðstöfun í fjárlagafrumvarpi komandi árs.
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

- Áformin lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina og styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu gjaldsins og eru því ekki talin kalla á sérstaka umfjöllun eða ráðstöfun í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi í för með sér ný eða aukin útgjöld sem kalli á sérstaka fjármögnun innan útgjaldaramma málaflokksins. Framkvæmd breytinganna er talin rúmast innan núverandi verkefna og fjárheimilda viðeigandi ríkisaðila.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei. Áformin fela ekki í sér nýja eða aukna tekjuöflun ríkissjóðs heldur lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu kílómetragjalds og afmarka nánar tiltekin atriði sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna. Ekki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum á tekjur ríkissjóðs.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á heildareftirspurn, einstaka markaði eða hagstjórnarsjónarmið. Áformin lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu kílómetragjalds og afmarka nánar tiltekin atriði sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi veruleg áhrif á kostnað fyrirtækja eða heimila.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

Áformin geta varðað eigendur og umráðamenn gjaldskyldra ökutækja, þ.m.t. fyrirtæki sem hafa ökutæki í rekstri, svo sem í flutningastarfsemi, þjónustu, verktakastarfsemi og öðrum atvinnurekstri. Ekki er gert ráð fyrir að áformin auki reglubyrði fyrirtækja með verulegum hætti. Þvert á móti er markmið breytinganna m.a. að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu og auka fyrirsjáanleika fyrir gjaldskylda aðila.

Að því marki sem áformin fela í sér afmarkaðar skyldur fyrir faggiltar skoðunarstofur, t.d. vegna upplýsinga um akstursmæla sem mæla ekna vegalengd í mílum, er gert ráð fyrir að slíkar skyldur verði takmarkaðar og rúmist innan núverandi hlutverks þeirra við skoðun og skráningu ökutækja.

3. Samkeppnisskilyrði.

a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).

- Ekki er gert ráð fyrir að áformin takmarki fjölda fyrirtækja á markaði með beinum hætti. Áformin fela ekki í sér einkarétt, leyfiskerfi, kvóta eða aðrar slíkar takmarkanir á aðgangi fyrirtækja að markaði.

b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).

- Ekki er gert ráð fyrir að áformin leiði til þess að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti. Breytingarnar eru ekki taldar fela í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða hafa áhrif með þeim hætti að þær takmarki starfsemi tiltekinna fyrirtækja umfram önnur.

c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef

aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

- Ekki er gert ráð fyrir að áformin takmarki möguleika fyrirtækja til að mæta samkeppni. Áformin hafa ekki áhrif á verðlagningu, framleiðslu, sölusvæði, auglýsingar eða aðra þætti sem almennt ráða samkeppnisstöðu fyrirtækja.
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
- Ekki er gert ráð fyrir að áformin takmarki frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni. Áformin fela hvorki í sér undanþágu frá samkeppnislögum né skyldu eða hvata fyrir fyrirtæki til að skiptast á viðskiptalegum upplýsingum.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Áformin fela ekki í sér ný verkefni, auknar skyldur eða útgjöld fyrir sveitarfélög.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á frelsi til að veita þjónustu, með eða án staðfestu á Íslandi. Áformin fela ekki í sér takmarkanir á þjónustuveitingu eða aðgangi að markaði.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin feli í sér tæknilegar reglur um vöru eða fjarþjónustu í skilningi laga nr. 57/2000.

4. Áhrif á byggðalög.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi sérstök áhrif á einstök byggðalög. Áformin lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina og styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu kílómetragjalds.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Áformin kunna að hafa takmörkuð áhrif á frjáls félagasamtök að því marki sem þau varða undanþágu björgunarsveita frá kílómetragjaldi. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir áhrifum á frjáls félagasamtök.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á jafnrétti kynjanna. Áformin varða gjaldtöku af ökutækjum, framkvæmd gjaldtöku og innheimtu og afmörkuð atriði í lagaumgjörð kílómetragjalds og eru ekki talin hafa ólík áhrif eftir kyni.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á lýðheilsu.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á menntun, nýsköpun eða rannsóknir.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi áhrif á möguleika einstaklinga eða fyrirtækja til samskipta þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Áformin lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina og styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu kílómetragjalds. Þau varða einkum Skattinn, Samgöngustofu, Stafrænt Ísland og eftir atvikum faggiltar skoðunarstofur. Ekki er gert ráð fyrir að áformin feli í sér umfangsmikil ný

verkefni fyrir stjórnvöld eða kalli á sérstaka uppbyggingu stjórnsýslu. Framkvæmd breytinganna er talin rúmast innan núverandi hlutverks og verkefna viðeigandi stjórnvalda.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi sérstök áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa. Áformin lúta að afmörkuðum breytingum á lagaumgjörð og framkvæmd kílómetragjalds og eru ekki talin hafa ólík áhrif eftir aldri, tekjum, fjölskyldugerð eða stöðu á vinnumarkaði.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Ekki er gert ráð fyrir að áformin hafi bein áhrif á umhverfi eða sjálfbæra þróun. Áformin fela ekki í sér breytingu á meginforsendum kílómetragjalds.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Áformin eru ekki talin hafa veruleg fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð. Ekki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum á tekjur, gjöld, afkomu eða efnahag ríkissjóðs. Áformin fela ekki í sér breytingu á meginforsendum gjaldtöku kílómetragjalds heldur lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu gjaldsins og afmarka nánar tiltekin atriði sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Áformin eru ekki talin hafa veruleg önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif. Þau kunna þó að hafa takmörkuð áhrif á stjórnsýslu Skattsins, Samgöngustofu, Stafræns Íslands og eftir atvikum faggiltra skoðunarstofa, einkum að því leyti sem þau varða framkvæmd gjaldtöku, skráningu upplýsinga og afmörkun undanþága. Ekki er gert ráð fyrir að áformin kalli á umfangsmikla aðlögun eða sérstaka uppbyggingu stjórnsýslu.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Samfélagslegur ávinningur áformanna felst einkum í því að styrkja lagaumgjörð kílómetragjalds, auka fyrirsjáanleika fyrir gjaldskylda aðila og styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu gjaldsins. Breytingarnar eru til þess fallnar að draga úr óvissu við framkvæmd laganna, auðvelda stjórnsýslu og stuðla að styrkari framkvæmd. Með hliðsjón af því að ekki er gert ráð fyrir verulegum fjárhagslegum áhrifum eða umfangsmikilli aðlögun er ávinningur áformanna talinn vega þyngra en sá kostnaður og fyrirhöfn sem kann að fylgja framkvæmd breytinganna.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Málið er unnið í FJR.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Frumvarpstexti er enn í vinnslu.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? Á ekki við.